

## Fundargerð

# ÁRSFUNDAR

### Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2016

Haldinn fimmtudaginn 23. júní 2016 kl. 15.00 í húsakynnum  
Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, Reykjavík.

Formaður stjórnar, Kristbjörg Stephensen setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargestir voru fimmtán, stjórn, starfsmenn og gestir þar meðtaldir. Ársskýrslu LSS fyrir árið 2015 var dreift til viðstaddir. Formaður lagði til að Guðmundur Friðjónsson yrði fundarstjóri og Þórdís Yngvadóttir ritari fundarins.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

#### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Kristbjörg Stephensen, flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga skilaði góðri ávöxtun á árinu 2015. Nafnávöxtun A- og V-deildar á árinu 2015 var 10,3% sem svarar til 8,1% hreinnar raunávöxtunar. Vel hefur gengið að ávaxta eignir sjóðsins undanfarin ár og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára 5,0%.

Þróun flestra verðbréfamarkaða var sjóðnum hagstæð. Ávöxtun innlendra eigna var sérstaklega góð, þó sér í lagi innlendra hlutabréfa sem skráð eru í Kauphöll Íslands en úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um rúm 43,4% á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa stóð því sem næst í stað á árinu, bæði mæld í íslenskum krónum og dollarum.

Stjórnin hefur mótað þá stefnu að hafa fjárfestingar sjóðsins áhættulitlar sem dregur úr sveiflum á ávöxtun sjóðsins en á að tryggja eftir því sem fært er að hún sé ásættanleg. Ég ætla ekki að fara frekar út í afkomu sjóðsins á árinu nú enda verður hún skýrð sérstaklega síðar á fundinum þegar ársreikningur sjóðsins verður til umræðu.

Á hverjum tíma verða lífeyrissjóðir að eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Ef munur á eignum og skuldbindingum fer yfir ákveðin viðmið ber stjórninni að grípa til viðeigandi ráðstafana. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu A-deilda í lok árs 2015 er heildarstaða hennar neikvæð um 9,8% en var neikvæð um 12,3% í lok árs 2014. Þetta er áttunda árið í röð þar sem skuldbindingar eru hærri en 5,0% af eignum og verður stjórnin að grípa til aðgerða og hækka mótframlag launagreiðenda svo jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga náist. Tímarammi sem stjórnin hefur til þessa er til 1. október nk.

Umræður um framtíðarskipan lífeyrismála hafa staðið yfir um alllangt skeið og kostur væri að niðurstöður þeirrar umræðu lægju fyrir sem fyrst. Með bættu heilsufari þjóðarinnar hafa lífslíkur farið ört hækkandi á undanförnum árum sem er ánægjuleg þróun en felur um leið í sér áskorun fyrir lífeyrissjóði landsins. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga munu væntanlega gefa út nýjar lífslíkutöflur á þessu ári en með þeim verður gert ráð fyrir frekari lengingu á meðalævi þjóðarinnar. Þær forsendur, þ.e. lenging meðalævi þjóðarinnar, munu hækka skuldbindingar lífeyrissjóðanna verulega og ljóst að við því þarf að bregðast. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig þessum auknu skuldbindingum verði mætt en líklegt er að það

verði gert með hækjun á eftirlaunaaldri sjóðfélaga í áföngum á næstu tveimur áratugum eða svo. Með þeim hætti má komast hjá skerðingu lífeyrisgreiðslna og gæta jafnvægis milli kynslóða.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar var ákveðið að leggja höfuðáherslu á meginhlutverk lífeyrissjóðsins sem er rekstur samtryggingadeilda. Var því ráðist í að loka séreignardeild sjóðsins um síðustu áramót. Rekstur hennar hafði fram til þessa verið úthýstur til Arion banka. Sjóðfélögum var boðið að flytja séreignarsparnað sinn til vörsluaðila séreignarsparnaðar að eigin vali, annars var séreignarsparnaður þeirra fluttur í Frjálsa lífeyrissjóðinn samkvæmt samkomulagi þar um. Rekstur séreignardeildarinnar hafði breyst umtalsvert á síðustu árum vegna lagabreytinga sem m.a. höfðu áhrif á framkvæmd útgreiðslu séreignar. Þótti stjórninni hagsmunum sjóðfélaga í séreignardeild því best borgið hjá þeim vörsluaðilum sem sérhæfa sig í umsjón og stýringu séreignarsjóða. Sjóðfélagar í séreignardeildinni voru um eitt þúsund talsins og nam heildarflutningur séreignarsparnaðar þeirra í Frjálsa lífeyrissjóðinn um 1,5 milljarði króna.

Í lok ársins var nýtt skipurit fyrir sjóðinn samþykkt en áhættustýring fær nú meira vægi og skýrara hlutverk. Nú er sjóðnum skipt í fjögur svið þ.e. í réttinda- og lögfræðisvið, eignastýringarsvið, áhættustýringarsvið og fjármálasvið. Réttinda- og lögfræðisvið sér um skráningu og innheimtu iðgjalda, úrskurðar um lífeyri og lífeyrisgreiðslur og sjóðfélagalán. Eignastýringarsvið sér um fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, samskipti við eignastýringaaðila, eftirlit með fjárfestingum og skýrslugerð til stjórnar. Áhættustýringarsvið greinir og metur áhættu og gerir aðgerðaáætlun ef áhætta mælist út fyrir skilgreind mörk. Bókhald, fjármál, reikningsskil og upplýsingatækni heyrir undir fjármálasvið. Í sjóðnum er starfrækt fjárfestingaráð sem sinnir fjárfestingum sjóðsins og lánanefnd sem fer yfir mál er tengjast sjóðfélagalánum. Framkvæmdastjóri sambættir svo verkefni þessara sviða. Önnur mikilvæg verkefni svo sem starfsmannahald, regluvarsla, skjalastýring og samskipta- og upplýsingamál heyra beint undir framkvæmdastjóra.

Sem fyrr var áhersla lögð á umbótavinnu á árinu og innra verklag. Töluluverðar breytingar urðu á eignastýringarsviði sjóðsins en á árinu var eignastýringaraðilum fækkað, eignastýring tekin meira inn í hús og eignastýringarreglum breytt. Á réttinda- og lögfræðisviði var lögð áhersla á rafraeña umsýslu og betri virkni í upplýsingakerfum. Fjármálasviðið tók í notkun á árinu nýtt fjárhagskerfi og uppgjörskerfi og hóf vinnu við þarfagreiningu á upplýsingakerfum sjóðsins. Haldið var áfram að byggja upp áhættusvið sjóðsins og innleidd aðferðafræði í takt við alþjóðlega staðla. Stefnumörkun sjóðsins á flestum sviðum var yfirfarin á árinu í takt við þær breytingar. Á árinu var einnig tekið í notkun nýtt fundar- og skjalakerfi og unnið að gerð nýrrar heimasíðu sem verður sett í loftið í dag. Þá var lögð áhersla á kynningar og námskeið fyrir starfsmenn, stjórnar- og nefndarmenn, launafulltrúa, trúnaðarmenn og sjóðfélaga. Ekki má gleyma að nefna að Fjármálaeftirlitið gerði úttekt á upplýsingaöryggi, rekstraráhættu og stjórnarháttum sjóðsins og kom með góðar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til.

Á síðastliðnu ári voru ráðnir fjórir nýir starfsmenn, en þeir eru Auður Hanna Guðmundsdóttir sérfræðingur í lánamálum; Eymundur Freyr Þórarinsson, sérfræðingur í eignastýringu; Pálína Margrét Hafsteinsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Sigrún Sigurðardóttir, iðgjaldafulltrúi. Fjórir starfsmenn hættu hjá sjóðnum en það eru Anna Dröfn Clausen, iðgjaldafulltrúi, Elías Halldór Leifsson sviðsstjóri fjármálasviðs, Jóna Björg Magnúsdóttir, gæðastjóri og Magnea Sverrisdóttir, sérfræðingur í lánamálum og eru þeim þökkuð vel unnin störf.

Á árinu 2015 voru haldnir 17 stjórnarfundir auk árlegs stefnumótunarfundar. Starf stjórnar gekk í alla staði vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka stjórnar- og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Á þessu ári eru margvísleg verkefni sem bíða stjórn sjóðsins. Má þar helst nefna erfið tryggingafræðileg staða A-deildar, stighækktandi örorkulífeyrir, innleiðing á nýju regluverki hvað varðar ársreikninga sjóðsins, endurskoðun á rekstrarsamningum við Lifeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lifeyrissjóð starfsmanna Kópavogsþærjar og yfirferð reglna um stjórnarhætti.

Fundarstjóri tók við og lýsti yfir lögmæti fundarins. Hann kynnti næsta dagskrálið og lagði til að opna umræður um fyrstu two dagskráliðina að öðrum lið loknum.

## 2. Ársreikningur LSS

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Lifeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins áritað ársreikninginn án athugasemda.

Framkvæmdastjóri fór yfir kynningu á helstu niðurstöðum sem birtar eru í ársskýrslu, m.a. breytingu á hreinn eign sem hækkaði um 17,6 ma.kr. á árinu sem samsvarar 8,1% raunávöxtun. Hrein eign í árslok 2015 var 114 ma.kr. en var 98 ma.kr. árið á undan. Heildariðgjöld hækkuðu um 12,5% milli ára og heildargreiðslur lífeyris hækkuðu um 14,5% milli ára. Rekstarkostnaður var samtals 279,3 m.kr og er 40% flokkaður með fjárfestingargjöldum. Hlutfall rekstrarkostnaðar er 0,1% af hreinni eign. Sjóðfélögum fjölgangi umtalsvert á milli ára, eða um 660, m.a. vegna þess að sveitarfélög töku við verkefnum af ríkinu. Í árslok áttu 58.005 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum, þar af voru virkir sjóðfélaga 16.598, en lífeyrisþegar voru 5.265 og hafði fjölgangi um 686 á milli ára.

Þá fór framkvæmdastjóri yfir helstu tölur yfir A og V deildir. Hreinar eignir hækkuðu um 17,5 ma.kr. á árinu sem gefur 8,1% raunávöxtun, A deildin hækkaði um 13.700 m.kr. og er nú 91 ma.kr. V deildin hækkaði um 3.799 m.kr. og er 18,5 ma.kr. Í A deild eiga 31.480 sjóðfélagar réttindi, þar af eru 11.333 virkir sjóðfélagar og lífeyrisþegar eru 3.055. Vægi ellilífeyris af heildar lífeyrisgreiðslum hefur sveiflast 55-60% á undanförnum fimm árum. Lifeyrisþegum fjölgar um 14% milli ára en greiðslur hækka um 16% milli ára. Í V deild eiga 24.615 sjóðfélagar réttindi, þar af 4.802 virkir og eru lífeyrisþegar 817 talsins. Vægi ellilífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum í V deild hefur lækkað á síðustu fimm árum og er nú þriðjungur lífeyrisgreiðslna. Lifeyrisþegum fjölgar um 31% milli ára en greiðslur hækka um 34% milli ára.

Fjárfestingartekjur voru 10 ma.kr. á árinu og hækkuðu um 5 ma.kr. milli ára. Aukning skýrist að mestu af betri afkomu hlutabréfa og hlutdeildarskírteinum og góðu árferði á mörkuðum. Aftur á móti dragast fjárfestingatekjur af erlendum eignum saman um 12% á árinu en heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 0,7%. Fjárfestingaeign A/V deilda var 107 ma.kr. í lok ársins og hækkuðu um 17,8 ma.kr. og voru verðbréf með föstum tekjum stærsti eignaflokkurinn (52%) en verðbréf með breytilegum tekjum sá næststærsti (38%). Vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð var 32% og dróst saman, en vægi hlutabréfa aukið úr 9,2% í 11,2%, en hlutfall annarra eignaflokka hélt nokkuð óbreytt.

Framkvæmdastjóri kynnti helstu afkomutölur yfir B deild, sem er réttindasafn fimm lokaðra sveitafélagasjóða sem sameinuðust árið 2013. Hreinar eignir B deildar hækkuðu um 186 m.kr á árinu 2015, en það samsvarar 8,8% raunávöxtun. Útgreiðslur til sjóðfélaga hækkuðu um 22

m.kr. og hækkuðu heildargreiðslur um 12,9% en iðgjöld hækkuðu um 14,9%. Virkum sjóðfélögum fækkaði um 20 á milli ára enda var sjóðunum lokað fyrir nýliðun árið 1998. Lífeyrisþegum fjölgaði um 57 á árinu. Iðgjöld jukust um 14% þar sem hlutdeild launagreiðenda vög þyngst og var 66-67% ár árinu og jókst lífeyrir um 13%. Á milli ára fjölgaði lífeyrisþegum um 6,2% en lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 13%. Fjárfestingatekjur hækkuðu um 267 m.kr. á milli ára og voru 551 á árinu. Það skýrist af betri afkomu hlutabréfa og hlutdeildarskíteinum og góðu áferði á hlutabréfamörkuðum. Fjárfestingar B deildar námu 4,4 ma.kr. Í lok árs 2015 og lækkaði um 219 m.kr. á árinu. Vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð var óbreytt, en hlutfall hlutabréfasjóða dróst saman á árinu.

Boðið var upp á umræður um two fyrstu dagskráliðina.

Engar umræður.

### **3. Tryggingafræðileg athugun**

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, fór yfir niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar. Hún kynnti megintilgang og aðferðarfæði sem athugunin byggir á og fór yfir reikniforsendur. Tryggingafræðileg athugun fyrir A deildina reyndist hagstæðari á síðasta ári en árið á undan. Skuldbindingar umfram eignir eru 9,8% en var árið á undan 12,3%. Samt sem áður eru skuldbindingar yfir löglegu viðmiði sl. fimm ára og því þarf að grípa til aðgerða og hækka iðgjald launagreiðenda fyrir 1. október 2016.

Tryggingafræðileg athugun fyrir V deildina sýndi betri stöðu, en eignahlutfall af skuldbindingum er jákvætt um 6,8%. Tryggingafræðileg staða hefur verið jákvæð á síðustu fjórum árum. Tryggingafræðileg athugun B deildar er neikvæð um 22,9%, en þar sem deildin nýtur bakábyrgðar sveitarfélaga er ekki gerð krafa um hækjun iðgjalds, þar sem launagreiðendum ber samkvæmt samþykktum að endurgreiða hlutfall af lífeyrisgreiðslum til sjóðsins.

Boðið var upp á umræður.

Engar umræður.

### **4. Fjárfestingastefna**

Guðmundur Friðjónsson, sviðstjóri eignastýringarsviðs, fór yfir fjárfestingastefnu ársins 2016. Hann fór yfir þróun innlends verðbréfamarkaðar og horfur og helstu áherslur í eignasafni sjóðsins. Í fjárfestingastefnu ársins 2016 var vægi ríkistryggðra skuldabréfa lækkað úr 45% í 40%, vægi sértryggðra bankabréfa aukið úr 3% í 5%, sem og vægi innlendra hlutabréfa úr 12% í 15% og erlendra hlutabréfa aukið úr 7% í 10%. Þá var vægi fasteignatryggðra skuldabréfa minnkað úr 8% í 6% og sérhæfðra fjárfestinga úr 7% í 6%. Þá voru vikmörk skuldabréfa banka og hlutabréfa aukin. Þá sýndi sviðstjóri eignastýringarsviðs áhrif stefnunnar á framfall á eignasafni A/V deildanna.

Í fjárfestingastefnu B deildarinnar var vægi ríkisbréfa lækkað úr 62% í 55% og vægi skuldabréf sveitarfélaga hækkað úr 6% í 8%, vægi skuldabréfa banka hækkað úr 2% í 5%, vægi fasteignatryggðra skuldabréfa lækkað úr 6% í 5% sem og vægi innlendra hlutabréfa hækkað úr 7% í 10%. Þá voru vikmörk skuldabréfa banka og hlutabréfa hækkuð.

Boðið var upp á umræður.

Engar umræður.

## 5. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Þóra Jónsdóttir, sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, kynnti breytingar á samþykktum sem stjórn samþykkti á fundi sínum 4. apríl sl. og fjármálaráðuneytið samþykkti þann 16. júní, eftir yfirferð aðildarfélaga sjóðsins, BHM, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ og umsögn frá Fjármálaeftirlitinu.

Kom fram að ákveðið var að fara í vinnu að fara yfir samþykktirnar vegna fyrirhugaðrar nafnabreytingu á sjóðnum. Efnisinnihald samþykktanna og meginstefna þeirra er óbreytt en helstu breytingar fólust í að ákveðin ákvæði voru feld brott og nýju ákvæði bætt við. Helstu breytingar á samþykktum eru hér rakin upp:

- Skylduákvæði breytt í heimildarákvæði, nánar tiltekið 12. mgr. 27.gr. nú 7. mgr. 15.gr.
- Nýtt ákvæði hvað varðar viðmiðunartekjur og ákvörðun stjórnar
- Afturvirkur flutningur iðgjalda úr A deild í V deild feldur niður
- Makalífeyrir, „sannanlega annast heimili hins látna“
- Skilyrði framreknings við réttindaflutning afnumið
- Endurreikningur á áunnum réttindum
- Aukaiðgjald

Aðrar breytingar fólust í yfirferð á texta og skipulagi samþykktar:

- Tölur settar á allar greinar og allar málsgreinar
- Millifyrirsagnir til skýringar
- Löngum og óskýrum greinum skipt upp
- Orðalag betrumbætt
- Röðun breytt
- A deild og V deild í staðinn fyrir almenn deild og valdeild
- B deild í staðinn fyrir Bæjarfélagadeild
- Kynningarfundir sveitarfélaga og starfsmannafélaga
- Áður gert ráð fyrir að fundir færðu fram í viðkomandi bæjarfélagi, en nú opnað á fjarfundí

## 6. Önnur mál

Fundarstjóri bauð formanni stjórnar, Kristbjörgu Stephensen, að fara yfir önnur mál.

Stjórnarformaður kynnti nýtt heiti á sjóðnum: Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Um leið opnaði hún nýja heimasíðu sjóðsins [www.lifbru.is](http://www.lifbru.is) og nýja umsóknargátt.

Stjórnarformaður sagði af þessu tilefni: „Eins og fram hefur komið hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga fengið nýtt nafn sem er Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar og starfsmanna var ákveðið að finna þjálla nafn fyrir sjóðinn, nýtt merki (lógó) og uppfæra heimasíðu sjóðsins. Nafnið Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var fyrir valinu þar sem Brú er lýsandi heiti og rímar vel við hlutverk lífeyrissjóða, það að tryggja örugga afkomu sjóðfélaga sinna og léttu þannig leiðina á milli æviskeiða. Brúin í merkinu endurspeglar þessa tengingu æviskeiðanna, en litirnir lýsa lífsgleði

og hinum fjölbreyttu verkefnum sem sjóðfélagar sinna í samfélaginu. Þá þótti Brú passar líka vel sem heiti á sjóði sem ávaxtar lífeyri starfsmanna sveitarfélaga um allt land og minnir á þær fjölmörgu brýr sem tengja sveitarfélögin, hvort sem átt er við samgöngur eða samstarf þeirra á milli. Á undanförnum mánuðum hefur starfsfólk sjóðsins unnið að gerð nýrrar heimasíðu í samstarfi við Stefnu og Hvítu húsið. Í dag er stórum áfanga náð nú þegar ný heimasíða fer í loftið sem er mikið fagnaðarefn. Markmiðið er að heimasíðan verði upplýsandi, þægileg í notkun og lifandi. Svo er skemmtilegt að segja frá því að með þessari nýju heimasíðu er sjóðurinn jafnframtað taka stórt skref í rafrænni þjónustu við sjóðfélaga en á síðunni er sérstök umsóknargátt þar sem finna má öll umsóknareyðublöð sjóðsins. Umsóknir um þjónustu sjóðsins verða héðan í frá eingöngu gerðar með rafrænum hætti en sjóðfélaginn getur fylgst með framvindu sinna mála í gáttinni. Með þessum hætti ætti þjónusta sjóðsins að verða bæði skilvirkari og betri.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir.

Engar umræður

Fundarstjóri lagði til að hann sjálfur ásamt fundarritara myndu ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Formaður þakkaði viðstöddum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 16.10.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Guðrún Ólafsdóttir".